

Skýrsla langhlaupa- og þríþrautardeildar UFA 2019

Mikil gróska var í starfi langhlaupa- og þríþrautardeildar UFA á árinu. Að venju var boðið upp á hlaupaæfingar þrisvar í viku allt árið undir merkjum UFA Eyrarskokks og hélt hópurnir sem sækir þær æfingar áfram að stækka og taldi í árslok yfir 100 manns. Byrjendanámskeið var haldið að vori og skilaði það nokkrum nýjum iðkendum inn í hópinn. Rannveig Oddsdóttir var líkt og undanfarin ár aðalþjálfari hópsins en auk hennar komu Gunnar Atli Fríðuson, Sonja Sif Jóhannsdóttir, Þorbergur Ingi Jónsson, Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir og Þórey Sjöfn Sigurðardóttir að hlaupaþjálfun og námskeiðahaldi.

Metþáttaka var í flestum hlaupum UFA á árinu og má án efa að stórum hluta rekja þá fjölgun til fjölgunar í Eyrarskokkshópnum. Þá voru Eyrarskokkarar duglegir að taka þátt í öðrum hlaupum vítt og breitt um landið. Átján Eyrarskokkar hlupu Laugavegshlaupið og varð Anna Berglind Pálmadóttir fyrst kvenna í hlaupinu og Þorbergur Ingi Jónsson fyrstur karla. Góður hópur Eyrarskokkara tók líka þátt í Reykjavíkumaraþoni. Margir unnu þar persónulega sigra og Anna Berglind var önnur íslenska kvenna í hálfmaraþoni.

Eyrarskokkarar fjölmenntu ásamt öðrum öldungum UFA á MÍ öldunga í febrúar og sigruðu stigakeppni félaga með miklum yfirburðum. Utanhústitli öldunga var síðan landað hér á Akureyri í ágúst.

UFA átti þrjá landsliðsmenn í fjallahlaupum árið 2019, Önnu Berglindi Pálmadóttur, Rannveigu Oddsdóttur og Þorberg Inga Jónsson. Fóru þau öll með landsliðinu til Portúgal í júní og kepptu þar á Heimsmeistaramóti í utanvegahlaupum.

Sundæfingar sem deildin bauð á haustið 2018 voru áfram í boði fram á vor en dattu síðan upp fyrir.

Deildin stóð fyrir nokkrum fræðsluerindum um hlaup og hlaupatengd mál á árinu. Þóra Guðný Baldursdóttir hélt fyrirlestur um meiðslaforvarnir í hlaupum í maí. Arnar Pétursson heimsótti hópinn tvisvar fyrst í júní í boði Reykjavíkumaraþons og Íslandsbanka þar sem hann kynnti hlaupið og veitti leiðsögn um hlaupastíl á æfingu og síðan aftur í desember til að kynna nýútkomna bók sína um hlaup. Í tengslum við Súlur vertical í ágúst hélt Hayden Hawks fyrirlestur um fjallahlaup. Í október hélt Rannveig Oddsdóttir erindi um grunnatriði hlaupaþjálfunar og í nóvember var Birna Varðardóttir með fyrirlestur um næringu.

Stjórn deildarinnar skipa:

Rannveig Oddsdóttir, formaður

Sara Dögg Pétursdóttir, meðstjórnandi

Anna Berglind Pálmadóttir, meðstjórnandi

Anton Örn Brynjarsson, meðstjórnandi

Hlaup á vegum UFA 2019

Hlaupahald er eitt af verkefnum langhlaupa- og þríþrautardeildarinnar. Frá stofnun hennar hafa félagsmenn komið að undirbúningi og framkvæmd hlaupa á vegum UFA og bætt nýjum hlaupaviðburðum inn í þá flóru sem fyrir var. Árið 2019 stóð UFA fyrir eftirtöldum hlaupum:

Vetrarhlaup

Vetrarhlaupin hafa verið fastur liður í starfi deildarinnar frá stofnun hennar 2003. Hlaupin eru haldin mánaðarlega frá október og fram í mars og er keppt í stigakeppni einstaklinga og liða. Undanfarin ár hafa verið hlaupnar mismunandi leiðir 6-10 km langar og hefur ekki verið tímataka í hlaupunum heldur ræður röð manna í mark úrslitum í stigakeppninni. Þátttaka hefur aukist ár frá ári og í fyrstu hlaupum vetrarins 2019-2020 voru enn slegin þátttökumet þegar um 80 hlauparar mættu til leiks.

1. maí hlaup

Yfir 300 hlauparar á öllum aldri tóku þátt í 1. maí hlaupi sem er svipuð þátttaka og undanfarin ár. Að venju var boðið upp á 400 m hlaup fyrir leikskólabörn, 2 km hlaup fyrir grunnskólabörn og 5 km fyrir alla aldurshópa. Keppt var um hlutfallslega bestu þátttökuna í grunnskólum bæjarins og nærsveita. Í flokki fjölmennra skóla bar Naustaskóli sigur úr bitum og í flokki fámennra skóla sigraði Þelamerkurskóli. Helstu styrktaraðilar hlaupsins voru eins og undanfarin ár Greifinn, stéttarfélagin við Eyjafjörð, MS og Sportver.

Akureyrarhlaup Íslenskra Verðbréfa og World Class

Um 140 manns tóku þátt í Akureyrarhlaupi Íslenskra Verðbréfa og Átaks sem fram fór 4. júlí. Keppt var í þremur vegalengdum, 5 km, 10 km og hálfmaraþoni. Hálfmaraþonið var jafnframt Íslandsmeistaramót í hálfu maraþoni og voru það ÍR-ingarnir Elín Edda Sigurðardóttir og Arnar Pétursson sem unnu Íslandameistaratitlana, Arnar bætti eigið brautarmet um þrjár sekúndur hljóp á 1:09:58 og Elín Edda hljóp á 1:20:43 og bætti brautarmet Rannveigar Oddsdóttur um rúmar tvær mínútur. Aðalstyrktaraðilar hlaupsins voru líkt og undanfarin ár Íslensk Verðbréf og World Class auk þess sem fjöldi fyrirtækja styrkti hlaupið með minni framlögum í formi verðlaunagjafa og hressingar fyrir hlaupara.

Hausthlaup UFA

Hausthlaup UFA var haldið 25. september og keppt í 5 og 10 km. Þátttakendur voru 55.

Súlur Vertical

Fjallahlaupið Súlur Vertical var haldið í fjórða sinn og varð veruleg aukning í þátttöku en um 120 hlauparar tóku þátt og hlupu ýmist 18 eða 28 km. Einn fremsti fjallahlaupari heims, Hayden Hawks, þáði boð um að koma til Akureyrar ásamt eiginkonu sinni Ashley Hawks og taka þátt í hlaupinu. Og máttu heimamenn sjá á eftir brautarmetum karla og kvenna í lengri vegalengdinni í þeirra hendur.

Gamlárshlaup UFA

Mettþátttaka var í Gamlárshlaupi UFA á gamlársdag en 120 manns tóku þátt og hlupu ýmist 5 eða 10 km. Líkt og undanfarin ár var boðið upp á súpu frá RUB23 eftir hlaup og Hleðslu frá MS og degin út fjöldi verðlauna frá fyrirtækjum í bænum.